

Nd.

293. Nefndarálit

um f.v. til laga um breyting á lögum nr. 76, 28. nóv. 1919, um breyting á yfirsetukvennalögum, nr. 14, 22. okt. 1912.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Með þá staðreynd fyrir augum, að ár frá ári fer þeim stúlkum fækkandi, sem stunda nám í ljósmæðraskólanum, og fjölgandi þeim umdæmum, sem lærðar ljósmæður fást ekki í, verður meiri hluti fjárhagsnefndar að fallast á það, að óhjákvæmilegt sje að bæta kjör þeirra. Að öðrum kosti er augljóst, að að því muni reka innan skams, að lærðar ljósmæður verði með öllu ófáanlegar í öll hin fámennari umdæmi, og það því fremur, sem þá verður óhjákvæmilegt beinlínis að skipa ólærðar konur í ljósmæðrastöðurnar og gjalda þeim laun eins og lærðum ljósmæðrum. Mun jafnvel þegar svo komið, að þess sjeu dæmi. En þegar það færi að tíðkast, mundi að öllum líkindum bráðlega þvertaka fyrir það, að stúlkur legðu á sig þann kostnað og fyrirhöfn að nema ljósmóðurfræði í því skyni að setjast að í fámennum umdæmum. Það getur því varla dulist nokkrum manni, að hjer sje hætta á ferðum.

Það er öllum vitanlegt, hve miklu það varðar, að ljósmæður sjeu vel að sjer og hverja þýðingu ljósmæðrafræðslan hefir, ekki síður en læknafræðslan. Að sjálfsgöðu ber líka að stefna að því að auka mentun þeirra hjer á landi eins og í öðrum löndum, þar sem lögbodinn námstími þeirra er alt að 2 árum, og að banna ólærðum konum að stunda ljósmóðurstörf. En eins og nú horfir, stefnir hjer í þveröfuga átt, í þá átt, að gera að engu framfarir síðustu áratuga. Og til þess að bæta úr því, verður að gera ljósmóðurstöðurnar eftirsóknarverðari en nú er, með því að hækka launin. Þetta var líka viðurkent af meiri hluta Alþingis í fyrra. Efri deild samþykkti þá frumvarp um hækkun ljósmæðra-launanna, sem meiri hluti neðri deildar gat þó að visu ekki fallist á að samþykkja, en sá meiri hluti skoraði hins vegar á stjórnina að greiða ljósmæðrum dýrtíðarupphót á laun þeirra, að sinum hluta, og beindi því til sýslunefnda og bæjarstjórna að gera slíkt hið sama. En þessi ráðstöfun hefir ekki borið tilætlaðan árangur. Í ljósmæðraskólanum munu nú vera færri nemendur en nokkru sinni áður, og ljósmæðraeklan fer því enn vaxandi.

Meiri hluti nefndarinnar telur því óhjákvæmilegt að gera meiri bætur á launakjörum ljósmæðranna, og leggur því til, að frumvarp þetta verði samþykkt

með þeim breytingum, sem efri deild gerði á því í fyrra, að því viðbættu, að laun ljósmæðra í sveitaumdæmum verði greidd að tveimur þriðju hlutum úr ríkissjóði. Hækka þá byrjunarlaun ljósmæðra í umdæmum, sem hafa færri en 1000 íbúa, úr 200 kr. upp í 300 kr., en þeim er ætlað að hækka um 50 kr. þriðja hvert ár upp í 500 kr. Auk þess fá ljósmæður í sjölmennari umdæmum 30 kr. fyrir hverja 100 íbúa, sem fram yfir eru 1000, allt að 1500 kr. En dýrtíðaruppbót greiðist aðeins á fastákveðnu launin, 300—500 kr.

Meiri hlutinn er þeirrar skoðunar, að launin megi alls ekki lægri vera en þetta. Það liggur í augum uppi, að ljósmæður í fámennum umdæmum geta ekki lifað á þessum launum einum saman, og verður að gera ráð fyrir því, að þær stundi aðra atvinnu að meira eða minna leyti, en sjálfum sjer ráðandi verða þær þó að sjálfsgöðu að vera, og geta því ekki fastráðið sig til nokkurrar vinnu. Hinsvegar eru þau föstu laun, sem hjer er stungið upp á, jafnvel lægri en vinnukonukaup gerist nú á tímum, án þess að talið sje fæði og húsnæði, sem ljósmæðurnar verða þá að vinna fyrir aukteitis, svo að kjör þeirra verði jafngóð. En til þess, að ljósmóðurstöðurnar verði eftirsóknarverðari, yrðu þó kjörin að vera nokkru betri. Og jafnvel húsfreyjur í sveitum mundu varla geta tekið að sjer ljósmóðurstöðu án þess að hafa af því beinan kostnað, sem jafnvel svaraði allt að því til föstu launanna. Meiri hluti nefndarinnar verður því að vera þeirrar skoðunar, að meiri hætta sje á því, að tillögur hans fari of skamt en of langt. En samkvæmt þessum tillögum mundu útgjöld ríkissjóðs, samkvæmt þeim upplýsingum, sem nefndin hefir fengið, aukast um 40 þús. kr. frá því, sem nú er.

Samkvæmt því, sem að framan er sagt, leggur meiri hluti nefndarinnar þá til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Í stað 1. gr. laga nr. 76, 28. nóv. 1919, komi:

Laun yfirsetukvenna í kaupstöðum skulu greidd úr bæjarsjóði, en í sveitum að einum þriðja hluta úr sýslusjóði og að tveim þriðju hlutum úr ríkissjóði. Greiðsla þeirra utan kaupstaða fari fram einu sinni á ári, á manntalsþingum, en mánaðarlega í kaupstöðum.

Laun yfirsetukvenna skulu vera 300 krónur á ári og hækka 3. hvert ár um 50 krónur, upp í 500 krónur.

Á laun þessi greiðist dýrtíðaruppbót eftir þeim reglum, sem gilda um starfsmenn ríkisins.

Auk launa þeirra, sem áður getur, fá yfirsetukonur í þeim umdæmum, sem hafa yfir 1000 íbúa, 30 krónur fyrir hverja 100 íbúa, sem fram yfir eru, þó svo, að öll launin, án dýrtíðaruppbótar, fari eigi fram yfir 1500 krónur.

Í kaupstöðum, þar sem eru tvær yfirsetukonur eða fleiri, skal deila íbúatölunni millum þeirra og reikna þeim launaviðbótina eftir því.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Lög þessi ganga í gildi 1. janúar 1928.

3. Aftan við frnmv. bætist ný grein, sem verði 3. gr., svo hljóðandi:

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingn, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 76, 28. nóv. 1919, og gefa þau út svo breytt.

Alþingi, 30. mars 1927.

Jakob Möller, Ásgeir Ásgeirsson. Björn Líndal. Magnús Jónsson.
frsm.